

Kæru nemendur og aðstandendur á miðstigi.

Nú er sumarfríð senn á enda og skólastarfið að hefjast. Skólasetning verður í Björnslandi föstudaginn 22. ágúst klukkan 16:15.

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn 25. ágúst klukkan 8:30. Brautarholt opnar klukkan 8:00 á morgnana. Fyrsta daginn munu nemendur hitta umsjónarkennara sína og koma sér fyrir í sínu rými. Nemendur fá kynningu á námsefni vetrarins og fá afhend námsgögn.

Eins og síðustu skólaár fá nemendur ritföng og stílabækur frá Reykjavíkurborg og þeim verður dreift á fyrstu dögnum. Þessi gögn eru ætluð til afnota í skólanum og því mikilvægt að vera með önnur ritföng heima. Við viljum benda á að nemendur þurfa að passa vel upp á námsgögnin sín því þeim er einungis útdelt í upphafi skólaárs. Einnig viljum við minna á að nauðsynlegt er að merkja allar eigur mjög vel.

Fyrstu dagar skólaársins eru öllum mjög mikilvægir. Nemendur fá tækifæri til að kynnast hver öðrum og starfsfólkinu sem mun starfa með þeim í vetur.

Nemendafjöldi á miðstigi verður tæplega 180 og öll kennsla fer fram í Brautarholti, nema listir, íþróttir og sund. Íþróttir verða á þriðjudögum ásamt því að á miðvikudögum verða aukatímar sem skiptast á milli árganga ogundið á föstudögum (sjáið nánar á blaði frá íþróttakennurum).

Við vonum innilega að allir hafi átt gott sumarfrí og komi endurnærðir til baka. Hlökkum til samstarfsins í vetur.

Kveðja

miðstigsteymið

